

Innbrotspjófnadartrygging

Skilmáli E-11

Vátrygging þessi er viðbót við brunatryggingu lausafjár nr. E-3.

1. gr. Bótasvið

- 1.1 Vátryggingin nær til tjóns, sem verður á hinum vátryggðu munum við það, að einhver kemst inn í læst húsnæði, ökutæki eða önnur húsakynni með innbroti og stelur þar eða veldur skemmdum á hinu vátryggða. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að ótvíræð merki séu um innbrot.
- 1.2 Vátryggingin nær til tjóns á húsnæði vátryggingartaka við innbrot eða tilraun til innbrots með allt að 5% af vátryggingarupphæð lausafjár. Á þetta bæði við um það húsnæði, sem er eign hans og það sem hann ber ábyrgð á, sem leigutaki.
- 1.3 Vátryggingin nær til þess ef vátryggðum munum er rænt af vátryggingataka eða starfsmönnum hans á vátryggingastað. Það telst rán þegar vátryggðir munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað. Bætur vegna þessa liðar takmarkast við 10% af vátryggingafjárhæðinni.

2. gr. Vátryggingastaður

Vátryggingin nær aðeins til þess tjóns, sem verður á vátryggingarstað þeim sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.

3. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Vátryggingin nær ekki til:

- 3.1 tjóns á rúðum, enda þótt það verði í sambandi við innbrot;
- 3.2 tjóns, sem stafar af eldsvoða, enda þótt hann verði í sambandi við innbrotið;
- 3.3 tjóns, sem verður vegna innbrota eða tilrauna til þeirra af hendi heimilisfólks eða starfsfólks vátryggingartaka eða þegar þessir aðilar eru meðvaldir að innbroti eða tilraun til þess;
- 3.4 tjóns vegna stöðvunar á rekstri og annarra slíkra óbeinna tjóna.

4. gr. Nánari afmörkun á hinu vátryggða

- 4.1 Bætur vegna peninga, verðbréfa og hvers kyns kröfuskjala takmarkast við 1% af vátryggingarfjárhæðinni nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 4.2 Vátrygging þessi nær ekki yfir frumteikningar, handrit né önnur sambærileg vinnuskjöl nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 4.3 Vátrygging þessi nær ekki yfir tölvuforrit, stafræn gögn á tölvudiskum eða hvers kyns upplýsingar á tölvukerfum nema sérstaklega sé um annað samið og slíkt sé áritað á skírteini.
- 4.4 Vátryggingin nær ekki til þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum eða öðrum slíkum geymslum sem ekki eru varanlegar né tryggar.

5. gr. Varúðarregla

Dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlau.

6. gr. Skoðunarréttur félagsins

Félaginu er heimilt, meðan á vátryggingu stendur, að framkvæma skoðun á vátryggingarstaðnum, hvenær sem er og án fyrirvara.

7. gr. Tilkynning tjóns

Þegar innbrotstjón verður, ber vátryggingartaka þegar í stað að tilkynna það til lögreglu. Það er skilyrði fyrir greiðsluskýldu að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

8. gr. Sjálfsábyrgð

Í hverju tjóni ber vátryggður sjálfsábyrgð eins og tiltekin er á skírteini eða iðgjaldskvittun.

9. gr. Tilvísun til skilmála félagsins vegna brunatryggingar lausafjár og laga um vátryggingarsamninga

Um vátryggingu þessa gilda jafnframt skilmálar fyrir brunatryggingar félagsins nr. E-3, að svo miklu leyti sem við á, og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2014